



**MANNAUÐSSTEFNA**



# RÁÐNINGAR

- »» Við leggjum okkur ávallt fram við að ráða til starfa hæft fólk sem hefur metnað til að ná árangri í starfi
- »» Við stöndum faglega að ráðningum í samræmi við jafnréttisstefnu og hæfnikröfur starfanna
- »» Við ráðum einstaklinga með fjölbreytta hæfni, viðhorf og þekkingu
- »» Hér má finna þau störf sem eru í boði: **[www.elko.is/storf](http://www.elko.is/storf)**







# STARFSÞRÓUN OG FRÆÐSLA

- »» Áhersla er á að upplifun starfsfólks sé jákvæð frá upphafi þar sem mikill metnaður er settur í góða móttöku nýliða og nýliðafræðslu
- »» Félagið rekur sinn eigin skóla og er kennsla bæði í formi rafrænnar kennslu og staðkennslu
- »» Við uppbyggingu öflugrar liðsheildar leggjum við áherslu á fræðslu
- »» Starfsfólk er hvatt til að efla sig og vaxa í starfi með því að taka virkan þátt í fræðslustarfi en starfsfólki stendur til boða fjölbreytt úrval námskeiða, rafræn og hefðbundin
- »» Starfsfólk er hvatt til að taka frumkvæði og ábyrgð á eigin þekkingu og færni



# JAFNRÉTTI

- »» Jafnrétti er mikilvægt að hafa í forgrunni í öllum ákvörðunum sem snúa að mannauði og störfum við í samræmi við jafnréttisstefnu
- »» Jafnlaunastefna tryggir að fylgsta jafnréttis sé gætt á meðal starfsmanna þar sem stuðlað er að jafnri stöðu og virðingu allra
- »» Hver starfsmaður er metin að eigin verðleikum og hafa allir jöfn tækifæri í samræmi við lög 86/2018







# UPPLÝSINGA- GJÖF

- »» Áhersla er lögð á markvissa upplýsingagjöf til starfsfólks og að upplýsingum sé miðlað í rétta átt á hverjum tíma
- »» Gott aðgengi að öllum helstu upplýsingum er mikilvægt svo starfsfólk geti sinnt starfi sínu vel og náð góðum árangri



# STARFS- UMHVERFI

- »» Áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott og hvetjandi starfsumhverfi þar sem þarfir starfsfólks og viðskiptavina fara saman
- »» Mikilvægt er að vinnuaðstaða og tækjabúnaður sé eins og best er á kosið og aðstæður leyfa
- »» Við sköpum starfsfólki starfsumhverfi í samræmi við jafnréttisstefnu þar sem öllum getur liðið vel við dagleg störf og einelti, kynferðisleg áreitni og annað ofbeldi er ekki liðið
- »» Umhverfismál og samfélagsleg ábyrgð er virkur grunnur hjá okkur með það að leiðarljósi að gera sífellt betur og vinna sífellt að framförum







# MENNING

- »» Heilsa starfsmanna er lykilþáttur í velgengni og í samstarfi við Heilsuvernd er sá þáttur lagður að grundvelli með áherslu á heilsu- tengdar forvarnir
- »» Fjölbreytt og skemmtilegt starfsfólk gerir vinnustaðinn eftirsóknaverðan og skemmtilegan
- »» Boðið er upp á fjölda viðburða árlega sem annað hvort er skipulagðir af starfsmanna- félagi, starfsfólkinu eða vinnustaðnum
- »» Starfsandi og liðan starfsfólks er mikilvægur þáttur í starfseminni og er vinnustaðagreining lögð fyrir árlega þar sem mæld er heildar- ánægja og gripið til aðgerða ef þörf er á



